

LEIKSKÓLINN KLAMBRAR

2020 – 2021

FRAMTÍÐARSÝN SKÓLA OG FRÍSTUNDASVIÐS:

*Í KRAFTMIKLU SKÓLA- OG FRÍSTUNDASTARFI ÖÐLAST
BÖRN OG UNGLINGAR MENNTUN OG REYNSLU TIL AÐ
LÁTA DRAUMA SÍNA RÆTAST OG HAFA JÁKVÆÐ ÁHRIF Á
UMHVERFI OG SAMFÉLAG.*



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans:.....	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
2 Innra mat leikskólans 2019 - 2020.....	5
2.1 Félagsfærni	5
2.2 Læsi.....	6
2.3 Ungbarnadeild	6
3 Umbótaáætlun 2020-2021	7
3.1 Félagsfærni	7
3.2 Læsi.....	8
3.3 Ungbarnadeildir.....	9
4 Ytra mat	9
5 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	10
6 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	10
7 Foreldrasamvinna.....	11
8 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	11
9 Fylgigögn.....	14
9.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs	13



Leiðarljós leikskólans:

1 Greinargerð leikskólastjóra

Á síðastliðnu skólaári var ákveðið að endurbyggja starfsemi Klambra árið 2020-2021 upp á gömlum og góðum gildum sem einkenndi Klambra til langs tíma. Við ætlum að hefja skólaárið á að fá til okkar Ingibjörgu Kristleifsdóttur sem var fyrsti leikskólastjóri Klambra en hún mun upplýsa okkur um sögu skólans og kynna fyrir okkur gildi skólans frá upphafi.

Á Klömburum verður markvist unnið áfram með Menntastefnu Reykjavíkurborgar en unnið verður með félagsfærni og læsi en það fellur vel að Klambra andanum. Klambra andinn byggist á Starfsgleði og jákvæðni, Gagnrýnin og skapandi hugsun, Öryggi og trausti sem er leiðarljós leikskólans.

Ákveðið hefur verið að nota vináttuverkefni Barnaheilla, Blær, til að vinna að félagsfærni barnanna í leikskólanum en hugmyndafræði og gildi verkefnisins byggir á nýjustu rannsóknum á einelti og því að mikilvægt sé að verkefnið skuli vera samofið öllu skólastarfi. Verkefnin skulu vera raunhæf fyrir börnin, starfsfólk og foreldra en þátttaka allra er mikilvæg svo vel takist til. Markmið verkefnisins er að allir í Klömburum eigi góð samskipti og tileinki sér jákvæð viðhorf. Með þessu sköpum við góðan staðarbrag þar sem börn fá að njóta sín í vinnu sem byggir þau upp til að takast við þau verkefni sem býður þeirra að leikskóladvöl lokinni.

Hugmyndafræði vináttuverkefnisins Blæs endurspeglast í eftirtöldum fjórum gildum:

- **Umburðarlyndi**
Að viðurkenna og skilja mikilvægi og gildi fjölbreytileikans og að koma fram við alla aðra af virðingu.
- **Virðing**
Að viðurkenna og taka tillit til allra barnanna í hópnum, að vera öllum góður félagi og að virða margbreytileikann innan hópsins.
- **Umhyggja**
Að sýna öllum börnum áhuga, samkennd, samlíðan og hjálpsemi. Að hafa skilning á stöðu annarra.
- **Hugrekki**
Að þora að láta til sín heyra og geta sett sér mörk. Að vera hugrakkur og góður félagi sem bregst við óréttlæti.



Mikilvægi félagsfærni er ótvíræð en í samskiptum má ekki gleyma læsi og hæfni barna til þátttöku. Huga þarf að öllum þáttum máls svo sem tjáningu og frásögn, hlustun, hljóðkerfisvitund, orðaforða og málskilningi og ritmáli ásamt félagslegu tungumáli, áhuga og styrkleikum barna. Að geta tjáð sig með góðu móti er einn af lyklum félagsfærni. Á starfsárinu verður sérstaklega unnið með skráningar tengdar læsi þar sem starfsmenn og foreldrar taka saman stöðu hvers barns og vinna út frá því.

Þematengd verkefni verða notuð til að efla hlustun og einbeitningu og sögur til að bæta við orðaforðann. Unnið verður með sköpun í tengslum við sögurnar þar sem börnin endurupplifa sögurnar og eða búa til sínar eigin.

Helstu verkefni starfsársins 2020-2021 verða því, eins og síðastliðið ár, að innleiða menntastefnuþættina félagsfærni og læsi ásamt því að vinna með nýja og spennandi verkefnið að vinna með yngstu börnunum eins til tveggja ára en nú fer í hönd annað árið sem ungbarnadeild er starfrækt á Klömbrum. Haldið verður áfram að finna taktinn í starfinu hjá starfsfólki, börnum og foreldrum því töluverð áskorun fylgir breytingum. Samskipti foreldra og starfsfólks verða því enn mikilvægri svo börnunum líði sem best í leikskólanum

Verkefni sem eiga fastan sess í starfinu en verða ekki metin sérstaklega á starfsárinu eru til dæmis, umhverfismennt þar sem græn fánanum er veifað, listasmiðju verkefni, matstofan og sjálfræði barna.

Gleðilegt starfsár allir sem koma að leikskólalífinu á Klömbrum.

Magnea G. Hafberg Sverrisdóttir, leikskólastjóri.



2 Innra mat leikskólans 2019 - 2020

Innra mat á starfi leikskólans var gert í sameiningu starfsmanna þar sem rætt var á skipulagsdögum, deildarfundum og deildarstjórafundum hvernig einstaka verkefni tókust til á líðandi starfsári, sem og starfið á deildum og leikskólinn í heild. Verkefnastjóri sá um endurmat og ígrundun innleiðingu Menntastefnunnar í samráði við alla þá hagsmunaaðila sem komu að því verkefni. Vegna aðstæðna í samfélaginu, verkfalla og faraldursins Covid-19 var ekki unnt að vinna eftir öllum þeim ferlum og áætlunum sem lagðar höfðu verið fyrir skólaárið 2019-2020. Hér verður þó farið yfir það sem var gert þrátt fyrir allt saman.

2.1 Félagsfærni

Unnið var að því að auka félagsfærni barna og styrkja þau í tjáningu sín á milli og byggja upp jákvæðan staðarbrag sem hefur áhrif á alla sem koma að starfinu.

Hvað var áætlað að gera: Vináttuverkefni Barnaheilla Blær átti að vera aðal verkfæri starfsmanna þar sem það fjallar sérstaklega um umburðarlyndi, virðingu, umhyggju, og hugrekki.

Hvað var gert og hvernig gekk: Öll börn á Klömbrum fengu sinn Blæ bangsa. Hann var þeim merktur og fékk hús gert úr þvottapoka sem hver og eitt barn málaði og skreytti. Hugsunin var svo að allir Blæ bangsar myndu eiga heima á vegg í þeirri hæð sem aðgengileg væri fyrir hvern aldur fyrir sig. Starfsmaður á Klömbrum saumaði franskan rennilás á alla þvottapokana. Reyndist þó erfitt að finna fullkomna lausn fyrir yngri börnin sem kæmi í veg fyrir að þau gætu rifið húsinn af veggnum og þar af leiðandi rífa málninguna með og skemma vegginn. Á eldri deildunum eru húsinn þeirra fest á skilrúm.

Hver og ein deild sá um hvernig verkefnið yrði unnið. Vináttuverkefnið Blær er hannað fyrir tvo mismunandi aldurshópa; 0-3 ára og svo 3-6 ára. Almenn var unnið með Blæ nokkrum sinnum í mánuði en sumar deildir voru oftast með Blæ-stundir og aðrar sjaldnar. Þó var tónlistin alltaf mikið notuð, bæði í hvíld og samverustundum. Fóru nokkrir starfsmenn á Blæ-námskeið. Börnin notuðu Blæ bangsa þegar þeim leið illa og fannst gott að knúsa hann. Sumir sváfu með bangsann í hvíld. Unnið var með stór myndaspjöld þar sem mismunandi aðstæður geta komið upp; einhver skilinn út undan, einhverjum ekki boðið í afmæli, einhver að stríða og þess háttar. Voru þessi spjöld reglulega rifjuð upp ef svipaðar aðstæður mynduðust í hinu daglega leikskólastarfi og börnunum hjálpað að finna út úr aðstæðunum sjálf með því að sýna umburðarlyndi, hugrekki, virðingu og umhyggju.



2.2 Læsi

Unnið var að því að efla hlustun og einbeitingu, tjáningu og skilning.

Hvað var áætlað að gera: Starfsfólk ætlaði að vinna þematengt verkefni með börnunum þar sem unnið væri með sömu söguna í langan tíma í einu.

Hvað var gert og hvernig gekk: Þetta verkefni átti að vinna á vorönn 2020. En fljótlega í janúar kom í ljós að verkfall Eflingar myndi hafa mikil áhrif á leikskólastarfið þá önnina, sem það svo gerði. Svo setti Covid-19 stórt strik í reikninginn. Það sem hægt var að gera var gert. Ákveðið var að vinna með söguna Búkollu og hún var lesin öllum lausum stundum. Lagið Búkolla með Ladda var spilað. Rætt var við börnin um Búkollu og kýr og hvaðan kúamjólkinn kemur og sú tenging gerð inn í matsalinn. Vegna verkfalls og veiru var ekki mikið annað gert en verkefnið verður aftur unnið vorönnina 2021.

2.3 Ungbarnadeild

Unnið var að því að aðlaga yngstu börnin að leikskólaumhverfinu og hugsanlega fá starfsmenn til að tileinka sér nýja starfshætti.

Hvað var áætlað að gera: Aðlaga umhverfi og starfshætti svo það henti yngstu börnunum sem best.

Hvað var gert og hvernig gekk: Á leikskólanum var í fyrsta skipti starfandi ungbarnadeild og einkenndist starfið á Hlíð af því að aðlaga deildina að þessum nýja aldurshópi, bæði starfshætti og umhverfi. Einnig var unnið að því að innleiða félagsfærni og læsi og gegndi umhyggja og umönnun stóru hlutverki þegar deildin og hennar starfshættir voru aðlagaðir að þörfum yngstu barnanna. Deildarstjóri var ráðinn með mikla reynslu með því að vinna með ung börn. Umhverfið var aðlagað að börnunum: borð lækkuð, nýir stólar keyptir, meira úrval af leikföngum og efnivið sem hentar þessum aldri keyptur. Deildarstjóri, aðstoðarleikskólastjóri og leikskólastjóri fóru í heimsóknir á aðrar ungbarnadeildir til að fá leiðbeiningar um hvað gekk vel og hvað gekk illa og var það sem hentaði okkur innleitt inn á Klambra. Sendar voru umsóknir um breytingu á aðkomu og útisvæði leikskólans svo að það hentaði börnum á ungbarnadeild. Margt af því er búið en eitthvað er eftir. Vanalega borða öll börn frammi í matsal og skammta sér af hlaðborði en ákveðið var að raunin yrði önnur fyrir ungbarnadeildina og þau borðuðu inni á deild. Fljótt kom í ljós að það hentaði mjög illa vegna plássleysis, vinnuaðstöðu (erfitt að komast að börnunum og aðstoða þau) og tíminn og vinnan sem fór í að þrifa eftir hvern matmálstíma (þrír á dag) var umfangsmikill. Tekin var sú ákvörðun að ungbarnadeildin myndi borða frammi í matsal en þeim yrði skammtað. Það var rétt ákvörðun því það gengur mun betur og aðgengi inni á deild er mun betra. Deildin hefði getað farið oftár út fyrstu mánuðina og er það eitthvað sem unnið verður með á umbótaáætlun næsta starfsárs, hvernig sé



hægt að auðvelda það ferli. Mat okkar á líðan barnanna er að þeim líður vel; þau koma hlaupandi inn á deild með bros á vör, þekkja umhverfið sitt og eru sjálförugg í umhverfi leikskólans, hlaupa um og skoða með forvitni. Þau þekkja aðra kennara og heilsa þeim brosandi í matmálstímum.

Send var út foreldrakönnun til foreldra á ungbarnadeildinni og sýndu svör mikla ánægju með starfsfólki, viðmót og hlýleika.

Vorið 2020 var svo ákveðið að breyta aðlöguninni fyrir öll börn tveggja ára og yngri. Aðlögunin verður enn þáttökuaðlögun en aðal breytingin er sú að börnin taka fyrsta lúr á þriðja degi en ekki öðrum degi. Þetta hefur gengið mjög vel og sjáum við það í samskiptum við foreldra og börn. Aðlögunin mun þó verða að einhverju leiti með öðru sniði meðan að Covid ástandið ríkir.

3 Umbótaáætlun 2020-2021

Vegna aðstæðna í samfélaginu verður innra mat og umbótaáætlun fyrir næsta skólaár með svipuðu sniði og sú liðna. Skólinn er þó ekki á byrjunarreiti heldur munum við fara dýpra í suma hluti en endurtaka innleiðingu á öðrum stöðum. Við munum halda áfram að vinna með félagsfærni og læsi og verða starfshættir aðlagaðir samkvæmt því. Allar deildir fara af stað með svipuð verkefni byggð á áherslum úr menntastefnu Reykjavíkurborgar og snerist umsókn um fjármagn tengt innleiðingu Menntastefnunnar um það.

Umbótaþættir starfsársins 2020-2021 eru annars vegar unnir út frá því innra mati sem átti sér stað á fundum á síðasta starfsári og áhersluþáttum nýrrar menntastefnu Reykjavíkur hins vegar. Farið verður betur ofan í það sem við náðum ekki að vinna til enda.

Til að styrkja enn frekar fagmennsku starfsmannahóps Klambra mun allt endurmat fara fram á sameiginlegum fundum, annars vegar á deildarfundum og hins vegar hjá stjórnendateymi og verkefnastjóra menntastefnunnar.

3.1 Félagsfærni

Markmið með umbótum er að halda áfram að auka félagfærni barna og styrkja þau í tjáningu sín á milli og halda áfram að byggja upp jákvæðan staðarbrag sem hefur áhrif á alla sem koma að starfinu.

Aðgerðir til umbóta: Vináttuverkefni Barnaheilla Blær verður áfram aðal verkfæri starfsmanna þar sem fjallað er sérstaklega um umburðarlyndi, virðingu, umhyggju, og hugrekki sem við teljum vera mikilvæga stólpa í félagslegum samskiptum. Finna verður betri leið fyrir Blæ svo hann geti verið aðgengilegur fyrir þau t.d. á veggjunum fyrir yngri börnin. Nokkuð er um nýja starfsmenn síðan Vináttuverkefnið hófst svo að á næsta ári munum við kenna því nýja starfsfólki sem þekkir ekki Blæ hvað verkefnið snýst um, annað hvort innan húss eða á námskeiðum. Verkefnið verður einnig tekið



saman og sett í starfsmannamöppu svo að upplýsingar verði aðgengilegar fyrir nýtt starfsfólk. Haldin verður kynning fyrir foreldra að hausti til að fá foreldra meira inn í verkefnið því verkefnið er hannað fyrir börn, kennara og heimilið. Til að styrkja samtalið enn betur verða fundnar upp leiðir til að tengja Blæ við heimilið með því t.d. að senda stóra Blæ bangsann heim yfir helgi og fá að heyra í hvaða ævintýrum hann lenti í.

Tímaáætlun: Verkefnið mun standa yfir allt starfsárið.

Ábyrgðaraðili: Allir starfsmenn munu bera ábyrgð á að bæta sína starfshætti með tilliti til verkefnisins. Stjórnendateymi og verkefnastjóri verkefnisins mun þá sjá um að verkefnið fái brautargengi og haldi áfram í starfinu og að allir starfsmenn fái kynningu á því hvernig skuli vinna með Blæ, og sjá um fræðslu og bókun á námskeið.

Endurmat mun fara fram á deildarfundum og sérstökum verkefnafundum tengdum verkefninu einu sinni í mánuði sem verkefnastjóri verkefnisins mun sjá um.

Viðmið um árangur er að börnin öðlist færni í að starfa saman, setja sig í spor annarra og sýna öðrum góðvild og virðingu.

3.2 Læsi

Markmið með umbótum er að efla hlustun og einbeitningu, tjáningu og skilning.

Aðgerðir til umbóta: Starfsfólk mun aftur vinna þematengd verkefni með börnunum þar sem unnið er með sömu söguna í langan tíma í einu.

Tímaáætlun: Verkefnið mun standa yfir allt starfsárið en lögð verður áhersla á söguna á vorönn 2021.

Ábyrgðaraðili: Allir starfsmenn munu bera ábyrgð á að bæta sína starfshætti með tilliti til verkefnisins. Stjórnendateymi og verkefnastjóri verkefnisins mun þá sjá um að verkefnið fái brautargengi og haldi áfram í starfinu.

Endurmat mun fara fram á deildarfundum og sérstökum verkefnafundum tengdum verkefninu einu sinni í mánuði. Í lok verkefnisins munu börnin endursegja söguna í sínum orðum og verður það einnig notað til endurmats.

Viðmið um árangur er að börnin fái áhuga á að vinna með sögur, sýni hæfni í að hlusta og nota orðaforða sem unnið er með í hvert skipti einnig að leikur þeirra endurspegli þessa vinnu.



3.3 Ungbarnadeildir

Markmið með umbótum er að halda áfram að aðlaga yngstu börnin að leikskólaumhverfinu og starfsmenn tileinki sér nýja starfshætti.

Aðgerðir til umbóta: Aðlaga umhverfi og starfshætti svo það henti yngstu börnunum sem best. Huga að breytingum á starfsháttum til að auðvelda útiveru.

Tímaáætlun: Verkefnið mun standa yfir allt starfsárið.

Ábyrgðaraðili: Allir starfsmenn á deildunum munu bera ábyrgð á að aðlaga starfshætti sína og skapa umhverfi sem hentar yngstu börnunum. Leikskólastjóri mun bera ábyrgð á umbótum á útisvæði.

Endurmat mun fara fram á deildarfundum og sérstökum verkefnafundum tengdum verkefninu einu sinni í mánuði. Foreldrar verða beðnir um að gefa endurmat. Einnig verður endurmat gert eftir að útisvæði verður fullgert.

Viðmið um árangur verður að umhverfi sé hlýlegt og skapi öryggistilfinningu og vellíðan fyrir börn og foreldra.

4 Ytra mat

Síðasta ár var lagt upp með að auka upplýsingaflæði til foreldra sem og samskipti milli skóla og heimilis. Lögðust allir á eitt við að bæta úr upplýsingaflæði. Lögð var áhersla á föstudagspósta, upplýsingar á heimasíðu, myndir sendar heim og nú hafa þær verið settar á heimasíðu skólans í gegnum lokaðan aðgang. Keyptir voru farsímar á hverja deild sem hefur auðveldað samskipti mikið. Starfsfólk gerir sig aðgengilegt til samtals að morgni og við lokun.

Markmið með umbótum er að halda áfram að veita foreldrum upplýsingar um starfið reglulega og markvisst.

Aðgerðir til umbóta: Líkt og um haustið 2019 verða foreldra- og kynningarfundir á aðlögunartíma þar sem allir nýjir foreldrar dvelja í leikskólanum með börnunum sínum. Reglulegar upplýsingar sendar út til foreldra í gengum tölvupóst og fréttir á heimasíðu leikskólans. Haldinn verður upplýsingafundur fyrir núverandi foreldra að hausti til.

Tímaáætlun: Verkefnið mun standa yfir allt starfsárið en áhersla á kynningar að hausti.

Ábyrgðaraðili: Stjórnendateymi ber ábyrgð á samskiptum.



Endurmat mun fara fram á fundum með stjórnendateymi einu sinni á önn. Foreldrar verða beðnir um að gefa endurmat.

Viðmið um árangur að foreldrar upplifi sig velkomin í leikskólann og hafi yfirsýn yfir starfið.

5 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl eru að hausti (okt-nóv) þar sem starfsmaður greinir frá áherslum sínum í tengslum við starfsáætlun og umræðu um símenntun. Aftur eru samtöl að vorönn (mars) þar sem rætt er um hvernig starfið hefur gengið og hvað má betur fara einnig er rætt um líðan, árangur og hvert stefnir á næsta vetri. Starfsmenn fá undirbúningsblað áður en þeir fara í samtöl við leikskólalastjóra.

Fræðsla á starfsárinu verður í tengslum við innleiðingarpætti menntastefnunnar, félagfærni og læsi ásamt áherslum í starfi á gildum leikskólans upplýsingartækni með ungum börnum og vinna með yngstu börnunum. Einnig verður lögð áhersla á að vinna með starfsanda Klambra, líðan starfsmanna, ágreiningsmál sem upp hafa komið á starfsárinu milli starfsmanna verða skoðuð og unnið með í samvinnu við mannauðsstjóra og uppbygginu á Klambra andanum.

6 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Árið 2007 var farið af stað með þróunarverkefni sem fékk nafnið Skilaboðaskjóðan. Þetta verkefni er samstarfsverkefni milli leikskólanna Klambra, Nóaborgar og Stakkaborgar og grunnskólans Háteigsskóla. Markmiðið með verkefninu er að brúa bilið á milli leik- og grunnskóla og að gera börnin öruggari einstaklinga þegar kemur að því að skipta um skóla.

Þróunarverkefninu lauk vorið 2008 en vegna þess hversu vel gekk var ákveðið var að halda samstarfinu áfram undir sama nafni. Verkefnið hefur skilað sér með sýnilegum árangri þegar börnin byrja saman í 1. bekk í Háteigsskóla um haustið og tala kennararnir um að þetta skapi börnunum traust og öryggi þegar þau byrja í skólanum.

Verkefnið snýst um að gefa krökkunum tækifæri á að hitta framtíðar bekkjarfélaga sína, því Háteigsskóli er hverfis grunnskólinn fyrir leikskólana þrjá. Allir skólarnir fara í heimsóknir sín á milli. Þar eru sungin saman lög og svo leika sér allir saman. Þessar heimsóknir vekja alltaf mikla lukku. Það er spennandi að skoða aðra leikskóla í hverfinu, skoða nýtt dót, leika sér á nýju útisvæði og hitta nýja krakka. Mest spennandi er þó þegar leikskólarnir fara í heimsókn í Háteigsskóla. Þar hitta þau oft fyrrum leikskólafélaga og fá að sitja inni í kennslustund og fá smjörþefinn af því hvernig er að vera í skóla ásamt því að kanna útisvæði.



Skólarnir fjórir hittast nokkrum sinnum yfir veturinn, fyrir jólin hittast allir í Háteigsskóla og syngja saman jólalög og borða smákökur. Á vorin hittast allir í salnum í Háteigsskóla og syngur hver skóli eitt lag uppi á sviði fyrir hina. Á vorin hittast einnig allir úti á Klambratúni. Þá kemur hver skóli með einn undirbúinn leik og svo leika sér allir saman.

Á haustin funda allir deildarstjórar og grunnskólakennarar saman og ákveða tímasetningar á heimsóknnum haustannarinnar. Samskonar fundur er haldinn í janúar til að skipuleggja vorönnina. Einnig er haldinn ígrundunarfundur á vorin til að fara yfir veturinn.

7 Foreldrasamvinna

- **Foreldraráð**, við hefjum starfsárið með sama foreldraráði og starfaði síðastliðið starfsár. Þrír foreldrar sitja í foreldraráði ásamt leikskólastjóra og fulltrúa leikskólans.
- **Foreldrafundur** verða með öðru sniði en venjulega vegna Covid en nýjir foreldrar fá góðar upplýsingar um starfið í leikskólanum að hausti meðan á aðlöguninni stendur.
- **Foreldrasamtöl** eru í október og mars, foreldrum allra barna er fundinn tími, reiknað er með háftíma fyrir hvert barn. Ef þurfa þykir að hafa fleiri foreldrasamtöl er það gert í samráði við foreldra í hvert skipti.
- **Foreldrafélag** er starfandi. Tilgangur þess er m.a. að efla tengsl barna og foreldra og styðja við ákveðna starfsemi í leikskólanum. Hefð er fyrir því að foreldrafélagið standi fyrir vorhátíð ár hvert og sjái um skemmtiatriði og Krakkahesta. Tveir tengiliður er í foreldrafélaginu frá leikskólanum.

8 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar

- 24. ágúst 2020 – skipulagsdagur
Fyrir hádegi: Fyrirlestur frá Ingibjörgu Kristleifsdóttur fyrsta leikskólastjóra Klambra. Segir sögu skólans og frá þeim gildum sem hún lagði upp með í upphafi göngu Klambra.
Eftir hádegi: Fjóra Þorvaldsdóttir með námskeið í Upplýsingatækni með ungum börnum
- 2. október – Skipulagsdagur. Starfsáætlunin kynnt, Blæ samvera með öllu starfsfólki, þeir sem þegar hafa farið á námskeið munu halda utan um samverustundina til að allt starfsfólk fái grunnþekkingu í notkun á Blæ. Deildarskipt vinna þar sem skipulag og foreldraviðtöl verða undirbúin.
- 23. nóvember – skipulagsdagur, heimsókn á leikskóla í tengslum við menntastefnu. Hópefli.
- 4. janúar skipulagsdagur, Félagsfærni og læsi endurmat.



- 5. mars Foreldraviðtöl undirbúin
- 10. maí Sameiginlegur starfsdagur SFS
- 7. júní - skipulagsdagur, starfsáætlun unnin og menntastefnuverkefni tekið saman og unnið fyrir skil á skýrslu.
- Reglulegir starfsmanna-, deildarstjóra- og deildarfundir verða haldnir. Á þeim fundum er farið yfir málefni líðandi stundar, undirbúningur fyrir foreldraviðtöl, einstaklingsnámskrá og fleira. Einnig verða fengnir fyrirlesarar til að vinna með starfsmannahópnum sem lúta að samvinnu og starfsanda á Klömbrum.

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu

Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulags dagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.



Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.



9 Fylgigögn

9.1 Fylgiskjal 1 - Umsögn foreldraráðs:

10 Umsögn Foreldraráðs

Foreldraráð telur að flestir liðir skólanámskrár séu vel unnir og vel rökstuddir. Þó eru nokkur atriði sem að ráðið telur að betur megi vinna og betur megi rökstyðja. Þau atriði sem að ráðið telur að sérstaklega þurfi að bæta eða fá nánari svör um eru:

- **Læsi:** Hvernig á að virkja foreldra til að vinna með læsis markmið skólans? Verða þeir til að mynda hafðir í samráði um hvaða sögu er verið að lesa hverju sinni?
- **Félagsfærni:** Ekki er nógu skýrt hvernig skólinn hyggst standa að kynningu foreldra á félagsfærni verkefni barnanna með tilliti til nógildandi sóttvarnalaga.
- **Ytra mat:** Bæta þyrfti aðgengi foreldra að í það minnsta einum starfsmanni þeirrar deildar sem barnið dvelur á. Á þann hátt að foreldri viti til hvaða starfsmanns hægt er að leita ef það vill til dæmis ræða um starfsemi deildar þann daginn og líðan barnsins.
 - Hvað varðar aðlögunartíma barns á leikskólanum og foreldra þeirra, þá mætti kynna betur hvernig staðið er að aðlögun út frá nógildandi sóttvarnarlögum.
- Fyrir þetta skólaár vantar einn fulltrúa í viðbót í foreldraráðið þar sem að eitt foreldri er farið úr nefndinni.
- Það telst áhyggjuefni að ekki liggi enn fyrir áætlun um málörvun fyrir öll börn í leikskólanum.

Foreldraráð:

Elísabet Bjarnadóttir

Sverrir Sigmundarson

Ólöf Dröfn Sigurbjörnsdóttir

F. h. leikskólans Klambra

Magnea Hafberg Sverrisdóttir 10.07.2020

Leikskólastjóri

Dagsetning



